



## Langanesbyggð

Langanesvegur 2  
680 Þórshöfn

### Skipulagslýsing fyrir deiliskipulag verslunar- og þjónustuvæðis að Skeggjastöðum, umsögn

Yðar tilvísun: 1059/2024

Vegagerðin hefur farið yfir skipulagslýsingu fyrir deiliskipulag verslunar- og þjónustuvæðis að Skeggjastöðum í Bakkafirði skv. tölvupósti dags. 6.9.2024.

Skipulagsvæðið liggur að Norðausturvegi (85). Norðausturvegur er stofnvegur með hámarkshraða 90 km/klst. Samkvæmt veghönnunarreglum þarf fjarlægð á milli vegamóta því að vera 400 m. Ef óskað er eftir að fjarlægð á milli tenginga sé styttri en segir til um í veghönnunarreglum þarf að sækja um undanþágu til Vegagerðarinnar. Staðsetning og hönnun vegamóta þarf að vera í samráði við og með leyfi Vegagerðarinnar.

Samkvæmt vegalögum nr. 80/2007 þarf leyfi Vegagerðarinnar fyrir tengingum við þjóðvegi. Samkvæmt vegalögum þarf leyfi Vegagerðarinnar fyrir öllum mannvirkjum og framkvæmdum innan veghelgunarsvæðis. Á það við þótt mannvirki eða framkvæmdir séu í samræmi við samþykkt skipulag.

Samkvæmt skipulagsreglugerð nr. 90/2013 má ekki staðsetja íbúðir eða frístundahús nær stofn- og tengivegum en 100 m. Aðrar byggingar skal ekki staðsetja nær þjóvegum en 50 m.

Samkvæmt skipulagsreglugerð þarf að sýna veghelgunarsvæði á skipulagsupprætti.

Vegagerðin óskar eftir því að fá skipulagið til umsagnar á öllum stigum skipulagsferils.

Síða 1/1

**Vegagerðin**  
Suðurhraun 3  
210 Garðabær  
+354 522 1000  
vegagerdin.is

vegagerdin  
@vegagerdin.is

Virðingarfyllt  
f.h. Vegagerðarinnar  
Magnús Björnsson

Bréf þetta er undirritað rafrænt